

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB).

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „samningsbundið uppgjör“ komi: afleiðusamninga.
2. Við 2. gr. B-liður orðist svo: Við greinina bætast sex nýir töluliðir, svohljóðandi:
 17. *Afleiðusamningur*: Samningur þar sem uppgjörssákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Andvirði slíks samnings er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili.
 18. *Framvirkur vaxtasamningur*: Afleiðusamningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun á ákveðnu tímabili og reiknast vextir af fyrir fram ákveðinni grunnfjárhæð sem ekki kemur til greiðslu. Samningurinn er gerður upp á fyrir fram ákveðnum uppgjörstigi.
 19. *Valréttarsamningur*: Afleiðusamningur sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki eða innan tiltekins tíma. Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
 20. *Framvirkur samningur*: Afleiðusamningur sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma.
 21. *Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur*: Afleiðusamningur sem kveður á um að samningsaðilar greiði vexti hvor til annars af tiltekinni viðmiðunarfjárhæð í sama gjaldmiðli eða greiði vexti og höfuðstól hvor til annars hvor í sínum gjaldmiðli á samningstímanum.
 22. *Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga*: Samningur á milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga kröfu hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu fyrir sig sérstaklega skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins mismunurinn (jaðargreiðsla) komi til greiðslu.
3. Við 5. gr. Fyrri efnismálgrein orðist svo:

Starfsmenn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Í reglugerð skal kveða á um prófkröfur og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild ef aðili hefur lokið jafngildu námi.

4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Eftirtaldir breytingar verða á 18. gr. laganna:
 - a. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir varðandi vitneskju eða grun um að viðskipti brjóti gegn 30. gr.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Vakni grunur skv. 1. mgr. skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.
5. Við 8. gr.
 - a. Orðin „sem því eru falin til sölu“ í fyrri efnismálsgrein falli brott.
 - b. Í stað orðanna „staðfesti þau“ í 6. tölul. fyrri efnismálsgreinar komi: hafi eftirlit með þeim.
6. Við 9. gr. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ komi: Fjármálaeftirlitið.
7. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa lagað starfsemi sína að 5. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 2002.